

Vísir 17 apríl 1935

## Skrítin nöfn.

Ein af Orkneyjum heitir Høy, og er það nafn auðskýrt, því að það er aflagað úr Háey; en Norðmenn höfðu nefnt ey þessa þannig. Skritnara er að fræg ey í Kyrrahafi heitir Hawaii. Er það nafn öllu líkara Háey, en Høy, og hið mesta réttnefni væri Háey þarna, þar sem Hawaii er hálendari miklu en nokkur önnur eyja, sem ekki er víðlendari. Verður þetta þó enn þá undarlegra þegar lengra er farið. Annað hæsta fjallið á Hawaii heitir Mauna Loa, yfir 4000 m., og ætti að visu skilið að heita Logafjall fremur en nokkur annað fjall hér á jörðu, þar sem digur súla af bráðnu grjóti ris meir en 300 metra upp yfir tindinn, þegar fjall þetta gýs; munu eldvellsgos þessi vera hinn stórkostlegasti náttúrufyrirburður sem hér á

jörðu gefur að líta. Mauna, sbr. Mons, Monte, fjall, og mon, t. d. í Dimon; en Loa, sbr. þýska orðið Løhe, legi. Hitt hæsta fjallið á Hawaii heitir Mauna Kea, og er þar gjá mikil (góa) ofan í tindinn, en gjá þessi er eldgígur forni; hefir fjall þetta verið sama eðlis og Mauna Loa, þó að nú sé það hætt að gjósa. Væri Gjáfjall réttnefni á fjalljötni þessum engu síður en Logafjall á hinum. Virðist mér eftirtektarvert hvernig nöfn þessi minna á norrænt mál.

14. apríl '35.

Helgi Pjeturss.

Leiðrétting.

Í greininni Lífgeislan og stjörnusamband, hafði misprentast geislarnir f. geislanir (sem láta ljóshraðann langt að baki).

H. P.